

121
28. des.

Reglugjörð

um

skifting starfa milli bæjarlæknis og hjeraðslæknis í Reykjavíkurhjerði.

1. gr.

Bæjarlæknir skal leysa af hendi þá almennu kvöð, sem á hjeraðslæknum hvílir, að gegna sjúklingum hvenær sem þörf krefur.

Hann skal annast öll þau störf, sem hjeraðslækni eru ætluð:

1. Í þeim lögum og reglum, sem sett eru því til varnar, að næmir sjúkdómar berist til landsins
2. Í þeim lögum og reglum, sem sett eru um varnir gegn berklaveiki.
3. Í þeim lögum og reglum, sem gilda um bólusetningar.

Hann skal og hafa eftirlit með því, að öll þau fyrirmæli sjeu haldin, sem sett eru um hreinlæti og heilbrigði í öllum skólum í Reykjavíkurhjerði. Hann skal þar að auki skyldur að gerast skólalæknir í þeim skólum í hjerðinu, sem eingöngu eru kostaðir af ríkinu, öðrum en Háskólanum og hinum almenna mentaskóla.

2. gr.

Hjeraðslæknir skal gegna öllum öðrum hjeraðslæknisstörfum, þeim sem ekki eru talin í 1. grein.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 52, 27. júní 1921, um læknaSKIPUN í Reykjavík.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.

122
29. des.

Reglugjörð

um

skemtanskatt í Reykjavík.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918 ákveðst hjermeð að skatt skuli greiða af skemtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Reykjavík og aðganga er seld að,

2. gr.

122

29. des.

Þessar skemtanir teljast skatt-skyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemtanir.
- b. Sjónleikar, er njóta opinbers styrks.
- c. Innlendar leikfimisýningar og glímur sýndar innanhúss.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Almenn samsæti, svo sem fjórðungamót og þess háttar.
- f. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- g. Kappleikar og íþróttasýningar undir beru lofti.

2. flokkur.

- a. Dansleikar.
- b. Danssýningar.
- c. Loddarasýningar.
- d. Fjölleikasýningar og sjónleikar, sem ekki teljast til 1. flokks.
- e. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að, en ekki eru taldar sjerstaklega.

3. gr.

Af skemtunum þeim, sem heyra undir 1. flokk skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki 20%.

4. gr.

Undanþegin skemtanaskatti er alþýðufræðsla stúdentafjelagsins meðan henni er haldið uppi á líkan hátt og að undanfögnu, svo og alþýðufyrirlestrar, ef aðganga að þeim er ekki seld blutfallslega dýrari, en að alþýðufræðslu stúdentafjelagsins. Ennfremur eru undanþegnar skemtanaskatti þær skemtanir, sem fjelög eða einstakir menn gangast fyrir í góðgjörðaskyni, eða til styrktar málefna til almenningsheilla.

Af innanfjelagsskemtunum, sem aðeins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist ekki skattur, en sannist það að utanfjelagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skoðað sem brot á reglugjörð þessari, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2. flokki og sekt samkvæmt 10. gr.

5. gr.

Hver sem halda vill skemtun, sem aðganga er seld að, skal að fengnu leyfi lögreglustjóra til að halda skemtunina, tilkynna borgarstjóra hvar og hvenær skemtunin skuli haldin

6. gr.

Áður en byrjað er að selja aðgöngumiða, skulu þeir taldir og stimplaðir á skrifstofu borgarstjóra. Enga aðgöngumiða má selja óstimplaða, og aðgang má heldur ekki selja án þess aðgöngumiðar sjeu afhentir, enda er seljanda ekki heimilt að taka aftur við aðgöngumiðum, nema hann greiði fult andvirði þeirra.

Um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir, skal færa í þar til gjörða bók tölu þeirra og verð, og reikna út upphæð skemtanaskattsins. Seljist ekki allir aðgöngumiðarnir, skal afgangur þeirra afhentur á skrifstofu borgarstjóra og dregst þá frá skattur af þeim aðgöngu-

122 miðum, sem óseldir eru. A hvern aðgöngumiða skal prentað verð hans og upphæð skemtana-
29. des. skattsins.

Um trygging og fyrirkomulag skattgreiðslu frá kvikmyndahúsum og öðrum skemtunum, sem reknar eru sem föst atvinna, getur borgarstjóri sett önnur ákvæði, er sjeu jafn trygg þessu, fyrir því að skatturinn verði talinn rjett fram.

7. gr.

Borgarstjóri annast innheimtu skattsins.

8. gr.

Gjaldldagi skemtanaskatts er næsti virkur dagur eftir að skemtun er haldin.

9. gr.

Skemtanaskattur rennur í bæjarsjóð og skal honum varið til barna- og gamalmennahæla, nema fyrsta árið. Það ár skal honum varið til þess að koma upp skýli fyrir verkamenn við höfnina.

10. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum, 100 kr. til 1000 kr. Sje brotinu þannig háttað, að dregið hafi verið undan að greiða skemtanaskatt, skal sektin ákveðin sem svarar minst fjórföldum þeim skatti, er undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 krónur fyrir hverja einstaka skemtun.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugjörðinni, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórnin í Reykjavík hefir samþykkt, er hjer með staðfest samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918 til að öðlast gildi 1. janúar 1922, og birtist till eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.